

Reikningsskilaráð ríkisins

39. Fundur – 18. desember 2019 kl. 09:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir, Björn Þór Hermannsson og Ólafur Hjálmarsson.
- Fulltrúi Hagstofu: Gunnar Axel Axelsson.
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 38. fundar samþykkt.

2. Erindi til reikningsskilaráðs.

Farið var yfir fyrstu drög vinnuhóps að svari Reikningsskilaráðs við erindi fjármála- og efnahagsráðuneytis varðandi málefni LÍN og Menntasjóð námsmanna. Ákveðið var að fela vinnuhópnum að vinna frekar að málinu þannig að unnt verði að afgreiða endanlegt svar á næsta fundi ráðsins um miðjan janúar nk.

3. Innleiðingarætlun

Fjársýslan er að yfirfara einstaka staðla IPSAS og skoða að hve miklu leyti þeir hafa verið uppfylltir. Lagt var fram gróft yfirlit yfir hvernig þessi vinna stendur í dag. Gert er ráð fyrir að frekari gögn verði lögð fyrir á næsta fundi ráðsins.

4. Tekjuhópur, niðurstöður.

Á síðasta fundi reikningsskilaráðs í nóvember sl. gerði tekjuhópur þess grein fyrir tillögum um flokkun 5 gjalda sem ríkisaðilar leggja á og innheimta. Niðurstöður þeirra voru eftirfarandi:

- gjald fyrir hreindýraleyfi skal flokka sem þjónustugjald í stað skattur áður;
- gjald fyrir veiðikort skal flokka áfram sem skatt;
- gjald fyrir útgefin starfsleyfi Umhverfisstofnunar skal flokka áfram sem skatt;
- Úrvinnslugjald skal flokka áfram sem skatt.
- FME gjald sem hefur verið flokkað sem skattur, er í skoðun að flokka sem þjónustutekjur stofnunar en lokaákvörðun liggur ekki fyrir.

Reikningsskilaráð hefur farið yfir tillögur vinnuhópsins. Niðurstaða þess er að gjald fyrir hreindýraleyfi flokkist sem þjónustugjald, en gjöld fyrir veiðikort og útgefin starfsleyfi Umhverfisstofnunar flokkist sem skattar.

Í skýringum vinnuhópsins kom fram að ekkert í stöðlunum eins og þeir liggja fyrir nú styður annað en að Úrvinnslugjaldið sé flokkað sem skattur. Jafnframt kom fram að umhverfismál og gjaldtökur í tengslum við þau hafa verið nokkuð til umfjöllunar í þessu samhengi að undanförunu enda hafa ýmis ríki haft efasemdir um flokkun samkvæmt stöðlunum á sambærilegum gjaldtökum. Niðurstaða reikningsskilaráðs er því að Úrvinnslugjaldið verður flokkað áfram sem skattur. Hins vegar verður fylgst náið með framvindu þessarar flokkunar og feli endurskoðun á stöðlunum í sér breytta flokkun, þá mun reikningsskilaráði endurskoða ákvörðun sína í samræmi við það.

Loks telur reikningsskilaráð ekki tímabært að móta afstöðu til FME-gjaldsins í ljósi þess að Alþingi afgreiddi á þessu ári lög sem fela m.a. í sér yfirtöku Seðlabanka Íslands á starfsemi Fjármálaeftirlitsins og að umrætt gjald skuli renna í ríkissjóð. Óskað er eftir að tekjuhópurinn fari yfir málið í ljósi þessa.

5. Frumvarp um staðfestingu ríkisreiknings 2018 og meðferð árslokastöðu

Farið var yfir frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings 2018. Frumvarpið var samþykkt á Alþingi í gær, 17. desember, og er því orðið að lögum.

6. Önnur mál

Rætt var um stöðu á birtingu ársreikninga stofnana. Stutt er í að ársreikningar stofnana fyrir árin 2017 og 2018 birtist opinberlega á vef Fjársýslunnar.

Ekki var annað rætt og fundi slitið kl. 10:30.

Næsti fundur miðvikudaginn 15. janúar kl. 08:00.